



**Gátlisti fyrir sjálfbæra vegagerð. Sandra Rán Ásgrímsdóttir og Jóhanna Sæmundsdóttir. Mannvit hf. – febrúar 2023.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Áhersla á sjálfbærni í verklegum framkvæmdum fer hratt vaxandi hér á landi og notkun sjálfbærnimatskerfa til þess að meta frammistöðu verkefna hefur aukist mikið á síðustu árum.

Unnin voru drög að gátlista fyrir Vegagerðina með það að leiðarljósi að gátlistinn stuðli að aukinni sjálfbærni í verklegum framkvæmdum á vegum Vegagerðarinnar og geti nýst sem fyrstu skref í átt að vottun samkvæmt sjálfbærnimatskerfinu BREEAM Infrastructure. Spurningar í gátlista byggjast á rannsóknarverkefni frá maí 2020 þar sem breikkun Suðurlandsvegjar milli Hveragerðis og Selfoss, var borin saman við sjálfbærnimatskerfi BREEAM/CEEQUAL1. Gátlistinn er settur upp með það í huga að vera einfaldur og falla inn í núverandi hönnunargátlista Vegagerðarinnar. Með því að taka inn þau atriði sem nefnd eru í gátlistanum er Vegagerðin þegar farin að taka skref í átt að aukinni sjálfbærni og bættri frammistöðu í vottunarkerfunum.

Farið er ítarlega yfir hvert atriði gátlistans og það útskýrt til að ekki sé vafi um hvað verkefnastjórar þurfa að gera til að uppfylla hvert atriði.